

**95. afgreiðslufundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar (SBE)
haldinn á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, miðvikudaginn 28. maí
2025 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Jón Stefán Laxdal og Arnar Ólafsson.

Fundargerð ritaði: Jón Stefán Laxdal, Verkefnisstjóri byggingarmála.

Dagskrá:

1. Svalbarðseyrarvegur 7b (Nóatún) L153012 - Umsókn um niðurrif - 2505028

Erindi dagsett. 20.05.2025 þar sem Ásgeir Högnason f.h. Gvendar á Eyrinni ehf. sækir um leyfi fyrir niðurrifi á einbýlishúsi á lóðinni Svalbarðseyrarvegi 7b (Nóatún), Svalbarðsstrandarhreppi.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir niðurrifið með þeim skilyrðum að öll ummerki byggingarinnar verði fjarlægð.

Niðurrifið verður tilkynnt til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eftir að úttekt byggingareftirlits hefur farið fram við verklok skv. 16. gr. Mannvirkjalaga.

2. Heiðarbyggð 25 L204849 - Frístundarhús - 2505011

Erindi dagsett 03.05.2025 þar sem Vigfús Halldórsson f.h. Árholt ehf sækir um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir frístundarhúsi á lóðinni Heiðarbyggð 25, Svalbarðsstrandarhreppi. Erindinu fylgja uppdættir frá Vigfúsi Halldórssyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

3. Birkiland 4 L236171 - Einbýlishús - 2505019

Erindi dagsett 09.05.2025 þar sem Kjartan Rafnsson f.h. Þórs Haukssonar Reykdal sækir um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi og gestahúsi á lóðinni Birkilandi 4, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdættir frá Kjartani Rafnssyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu með vísan í athugasemdarlista.

4. Birkiland 9 L236175 - Einbýlishús - 2505022

Erindi dagsett 13.05.2025 þar sem Brynjólfur Árnason f.h Guðmundar Viðars Gunnarssonar sækir um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi á lóðinni Birkilandi 9, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdættir frá Brynjólfi Árnasyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

5. Hagaflöt 12 L239208 - Parhús - 2503009

Erindi dagsett 26.05.2025 þar sem Rafmúr ehf. sækir um breytingu á áður samþykktum teikningum af parhúsi á lóðinni Hagaflöt 12, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdættir frá Valbirni Vilhjálmssyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

6. Hjalteyrarvegur 15 - Bátahús - 2504023

Erindi dagsett. 30.04.2025 þar sem Eva Sóley Guðbjörnsdóttir sækir um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir bátahúsi á lóðinni Hjalteyrarvegi 15, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdráttir frá Þóri Guðmundssyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

7. Hagatún 4 L234080 - Einbýlishús - 2505007

Erindi dagsett 02.05.2025 þar sem Vilhelm Ottó Biering Ottósson sækir um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi á lóðinni Hagatúni 4, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdráttir frá Valbirni Ægi Vilhjálmssyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00

Jón Stefán Laxdal

Arnar Ólafsson